

Aðalfundur Knattspyrnufélags Rangæinga var haldin 4. mars 2020 þar sem fram fóru venjuleg aðalfundarstörf og kosin var ný stjórn. Í stjórn félagsins sitja Tinna Erlingsdóttir formaður, Gunnar Aron Ólason gjaldkeri, Hulda Dóra Eysteinsdóttir ritari, Guðmundur Úlfar Gíslason og Guðrún Lára Sveinsdóttir meðstjórnendur, Tómas Birgir Magnússon og Klara Viðarsdóttir eru varamenn.

Mannauður félagsins er mikill en hjá félaginu starfa 8 reynslumiklir þjálfarar. Yfirþjálfari félagsins er Ólafur Örn Oddsson og aðrir þjálfarar voru á árinu Yngi Karl Jónsson, Helgi Jens Hlíðdal, Guðrún Bára Sverrisdóttir, Lárus Viðar Stefánsson, Sandra Sif og Fanney Úlfarsdætur, Gunnlaugur Friðberg Margrétarson.

Meistaraflokkur karla KFR spilaði í 4. deild á tímabilinu en þjálfarar þeirra voru Ellert Geir Ingvason aðalþjálfari og Hjörvar Sigurðarson aðstoðarþjálfari.

Iðkendafjöldi KFR hefur aukist jafnt og þétt og í yngri flokkum félagsins æfa yfir 190 iðkendur knattspyrnu úr þremur sveitafélögum. Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra og Ásahreppi. Sveitafélögin standa þétt við bakið á félaginu og veita árlega góða styrki til félagsins til að sinna iðkendum sínum, bæði í peningastyrkjum og með aðgangi að íþróttasvæðum sveitafélaganna. Sérstakt átak fór af stað haustið 2019 til þess að auka vægi stúlkna í knattspyrnu og fékk félagið veglegan styrk frá Rannís til þessa verkefnis. Það verkefni hélt áfram árið 2020.

Iðkendur yngri flokka fóru á nokkur mót á starfsárinu þrátt fyrir ýmsar hamlanir í tengslum við Covid-19. Það náðist ekki að klára Faxaflóamót en Íslandsmóti náðist að mestu leyti að ljúka. KFR var í starfstarfi við elstu flokka Selfoss, Hamar, Ægi og Sindra þar sem iðkendafjöldi er takmarkaður.

Hæfileikamót KSÍ og N1 fór fram í september á árinu þar sem 66 leikmenn frá 26 félögum æfðu saman. Bjarni Þorvaldsson var valinn í hópinn frá KFR.

Starfsár KFR endar yfirleitt með uppskeruhátíð yngri flokka en vegna aðstæðna og fjöldatakmörkana var engin uppskeruhátíð haldin þetta árið.

5.flokkur kvenna á TM móti ÍBV með tvö lið og þjálfarinn þeirra Fanney Úlfarsdóttir





